

2. desember 2013

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp um breyting á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (hlutdeildarsetning úthafsækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes).  
Mál nr. 153 - Þingskjal nr. 178

- Ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir að veiðar á úthafsækju verði ekki lengur frjálssar heldur færast til þess horfs sem þær voru í frá 1991 til 15. júlí 2010.
- Veiðireynsla sem aflað var sl. þriggja fiskveiðarára verði  $\frac{3}{10}$  nýrrar hlutdeildar, en skráð hlutdeild fiskveiðiársins 2012/2013  $\frac{7}{10}$ .

Í frumvarpinu er því lagt til að nýting aflamarks sem leggst til af aflahlutdeild í úthafsækju verði ekki lengur bundið við þá aðila sem vörðuðu veiðireynslu hennar í upphafi. Þess í stað verði tekið tillit til nýrrar veiðireynslu sem varð til við frjálssar veiðar á síðustu þremur árum.

***Landssamband smábátæigenda (LS) leggst alfarið gegn því að tímabundnar frjálssar veiðar muni veita þann rétt sem lagt er til í frumvarpinu. LS telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum geti það valdið opnun á aflahlutdeildarkerfinu sem ekki mun sjá fyrir endann á.***

Hér skulu nefnd tvö dæmi sem skýra sjónarmið félagsins:

- I. Undanfarin ár hafa krókaafلامarksbátar veitt á milli 25 og 30% af þeirri ýsu sem landað hefur verið. Hlutdeild krókaafلامarksbáta í ýsu er 15%. Með hliðsjón af þessari staðreynd má hiklaust halda því fram að þeir hafi þannig skapað sér nýja aflareynslu, aukin hlutdeild, vegna tómlætis annarra útgerða við nýtingu á úthlutuðu aflamarki í ýsu.



- II. Ákvæði laga um stjórn fiskveiða um línuviltun og byggðakvóta hafa gert það að verkum að ákveðnar útgerðir hafa byggt sér upp veiðireynslu til hliðar við aflahlutdeildarkerfið. Verði gerðar breytingar á viðkomandi þáttum – þeir skertir eða lagðir af gæti fyrirhuguð breyting orðið fordæmi fyrir því að veiðar þeirra hafi myndað reynslu sem gæfi þeim rétt til hlutdeildar.

Virðingarfyllst

Örn Pálsson framkvæmdastjóri